

Íslenskuþorp í leikskólum um land allt

Námskeið í Menntafléttunni

Handbók fyrir mentora

Kæri mentor!

Hjartans þakkir til þín fyrir stuðninginn við þátttakendur á námskeiðinu. Til þess að stuðningur mentora sé markviss höfum við sett saman handbók. Það er okkar sameiginlega verkefni og áskorun að finna leiðir til að námskeiðið nýtist þátttakendum og leikskólunum ykkar sem best.

Í öllum leikskólum er mikilvægt að ákveðin skilyrði séu til staðar svo að námskeiðið verði sem lærdómsríkast fyrir þátttakendur og námssamfélagið í leikskólunum. Skilyrðin eru:

a) **Stuðningur og hvatning stjórnenda** skiptir sköpum en gert er ráð fyrir að þátttakendur taki þátt í námskeiðinu á vinnutíma og hafi tíma til að hitta mentora sína einu sinni í viku.


b) **Samvinna mentora og þátttakenda** er lykillinn og grunnurinn að árangri í íslensku og aukinni þekkingu á faglegu starfi leikskólans. Gert er ráð fyrir að hver og einn þátttakandi hafi tvo mentora, einn aðalmentor og einn mentor til vara. Mentorar eru þátttakendum samferða í gegnum námskeiðið. Mentorar geta stutt við fleiri en einn þátttakanda innan sama leikskóla. Umsjónarkennari heimsækir leikskólana tvisvar yfir veturinn í byrjun námskeiðs og þegar námskeiðið er hálfnað til að styðja við mentora og námssamfélagið í leikskólunum.

Á námskeiðinu sjálfu er fyrst og fremst lögð áhersla á skilning, tjáningu og þjálfun í að eiga samtál um ólík þemu leikskólastarfsins. Efni og verkefni námskeiðsins miða að því að skapa tækifæri og aðstæður til að æfa samskipti á íslensku um leikskólastarfið.

Námskeiðið er einstaklingsmiðað og er þátttakan aðlöguð þörfum leikskólanna. Þannig getur sérstaða hvers leikskóla fengið að njóta sín.

Þróunarhringur Menntafléttunnar

Námskeiðið samanstendur af 8 lotum og hver lota fjallar um ólík þemu leikskólastarfs, auk þess sem fagtingd íslenskukennsla er þrædd saman við. Loturnar fylgja svokölluðum *Þróunarhring* Menntafléttunnar þar sem fjögur skref leiða þátttakendur og mentora markvisst áfram. Skrefin höfum við aðlagð sérstaklega að þessu námskeiði. Hvert skref miðar að því að styðja við tungumálanámið, dýpka skilning á efninu, þjálfva nemendur í að tala um efnið við mentora og samstarfsfólk og tengja námskeiðið við leikskólastarfið. Það er sameiginlegt hutverk mentora og þátttakenda að halda utan um fjögur skref *Þróunarhringsins*.



Þau eru:

Skref A – Undirbúningur hvers og eins.

Skref B – Með mentor: Undirbúningur fyrir fyrirlestur

Skref C – Með mentor: Samræður um fyrirlestur og verkefnavinna

Skref D – Með mentor og samstarfsfólki: Úrvinnsla og *Íslenskan mín*

Öllum þátttakendum, mentorum og stjórnendum er boðinn aðgangur að einföldum kennsluvef þar sem allt efni námskeiðsins er aðgengilegt.

Nánar um skrefin fjögur:

Gera má ráð fyrir að skrefin fjögur séu stigin í hverri lotu, það eru ca fjórar vikur. Mælt er með að fara eftir skrefum samkvæmt vikuplani, sjá neðar.

Skref A – Undirbúningur hvers og eins

Þátttakendur lesa um efni lotunnar sem er að finna á kennsluvefnum. Þýða og læra hugtökin, lesa ítarefni og horfa á myndbönd. Mentorar skoða efni lotunnar og fara yfir helstu áherslur skrefanna.

Mentorar í samstarfi við þátttakendur leita leiða til að gera hugtök og þemu lotunnar sýnileg í leikskólanum fyrir þátttakendur og starfsfólk leikskólans. Hér má fara skapandi leiðir.

Þátttakendur:

- Lesa um lotuna.
- Þýða hugtökin og skrá í vinnubók eða tölvu.
- Fara í Tungumálabankann og taka út orðaforða og málnotkun lotunnar.

Skref B – Með mentor: Undirbúningur fyrir fyrirlestur gestakennara

Þátttakendur og mentorar ræða saman um efni lotunnar og tengja við starfið í leikskólanum.

- Ræða saman um hugtökin.
- Ræða spurningar og kveikjur frá gestakennara (spurningar fyrir fyrirlestur).
- Skoða hvernig efni lotunnar tengist starfinu í leikskólanum?

Á milli skrefs B og C munu þátttakendur mæta í lotu og **hlusta á fyrirlestur gestakennara**.

Skref C – Með mentor: Samræður eftir fyrirlestur og verkefnavinna

Þátttakendur og mentorar ræða um fyrirlesturinn og tengja við starfið í leikskólanum.

Gestakennarar leggja verkefni fyrir þátttakendur sem þátttakendur með aðstoð mentora vinna með börnunum.

- Ræða saman um fyrirlesturinn.
 - Hvernig gekk að skilja fyrirlesturinn? Lærðir þú eitthvað nýtt?
 - Hvernig var að tala saman í samskiptaherbergjum (Breakout rooms)?
- Ræða spurningar og umræðupunkta frá gestakennara (spurningar eftir fyrirlestur).

- Vinna verkefni með börnunum í tengslum við efni lotunnar. Gestakennarar leggja fram verkefni, mentorar og þátttakendur finna leiðir til að aðlaga verkefnið að aldri og þroska barnanna.

Skref D – Með mentor: Úrvinnsla og *Íslenskan mín*

Stjórnendur og mentorar taki þátt í, og hvetji allt starfsfólk til að eiga samtali og samskipti um efni lotunnar, hvar sem tækifæri gefst. Þátttakendur ræða um hugtök, spurningar og verkefni lotunnar með mentor og samstarfsfólki.

- Þátttakendur mæta í íslenskutíma og vinna íslenskuverkefni; **Íslenskan mín**.
- Við lok hvernar lotu mælum við með að þátttakendur og mentorar ræði saman um íslenskunámið í lotunni. Hér eru dæmi um spurningar sem getur verið gott að styðjast við:
 - Hvað lærðir þú í lotunni (orð, hugtök, setningar)
 - Hvernig gekk að læra ný hugtök?
 - Hvernig gekk að tala íslensku?
 - Hvað langar þig að læra næst?
- Við lok hvernar lotu er farsælt að mentor undirbúi ca 15 mínútna langa samverustund eða óformlegan spjallfund með samstarfsfólki þar sem rætt er um efni lotunnar. Þar fá þátttakendur tækifæri til að æfa nýja þekkingu, segja frá því sem stendur upp úr og fá hvatningu frá samstarfsfólki og mentorum.

Í hverri lotu er viðfangsefnið *Íslenskan mín* fyrir þátttakendur. Þar er að finna íslenskuefni og verkefni sem tengjast lotunum og unnið er með í íslenskutímum. Mentorum er auðvitað velkomið að skoða efnið. Íslenskutíminn er í lok lotunnar, þar eru orðaforði og málnotkun lotunnar æfð og sett í samhengi við málfræðilegar formdeildir í íslensku (kyn, fornöfn, fall, persóna, tala, tíð).

Í íslenskutímanum eiga þátttakendur að segja frá verkefni sem þeir völdu til að vinna með börnunum og er í tengslum við þema hvernar lotu. Ef þátttakendur hafa náð að vinna verkefnið með börnunum segja þeir frá hvernig gekk að vinna verkefnið, hvað gekk vel og hvað gekk ekki nógu vel.

Skrefin fjögur og vikuplan

Hér gefur að líta plan fyrir hvern mánuð. Við mælum með að fylgja skrefunum samkvæmt planinu. Athugið að dagsetningar geta breyst ;) því er nauðsynlegt að fylgjast vel með tölvupóstum.

Skrefin fjögur og vikuskipulag (haustönn 2024)

Lota 0 - Íslenskuþorpið í leikskólanum

2. – 6. sept	Skref A
9. – 13. sept	Skref B (10. sept – kl 14:00 - 15:00 kynning fyrir stjóra og mentora)
16. – 20. sept	Skref C (11. sept – kl 14:00 - 15:00 kynning fyrir þátttakendur)
23. – 27. sept	Skref D

Lota 1 – Málörvun með sögum

30. sept – 4. okt	Skref A+B
7. – 11. okt	Skref B (fyrirlestur 9. okt kl 13:00 – 14:30)
14. – 18. okt	Skref C
21. – 25. okt	Skref D (íslenskutímar 23. okt)

Lota 2 – Læsi í víðum skilningi

28. okt – 1. nóv	Skref A+B
4. – 8. nóv	Skref B (fyrirlestur 6. nóv kl 13:00 – 14:30)
11. – 15. nóv	Skref C
18. – 22. nóv	Skref D (íslenskutímar 20. nóv)

Lota 3 – Leikur barna

25. – 29. nóv	Skref A+B
2. – 6. des	Skref B (fyrirlestur 6. des kl 13:00 – 14:30)
9. – 13. des	Skref C (íslenskutímar 11. des)
16. – 20. des	Skref D

Skrefin fjögur og vikuskipulag (vorönn 2025)

Lota 4 – Menningarnæmi og fjölmening í leikskólastarfi

6. – 10. jan	Skref A+B (8. janúar kl 13:00-13:45 fundur með mentorum)
13. – 17. jan	Skref B (fyrirlestur 15. jan kl 13:00-14:30)
20. – 24. jan	Skref C
27. – 31. jan	Skref D (íslenskutímar 29. jan)

Lota 5 – Sjálfsmynd og samskipti í lýðræðislegu leikskólastarfi

3. – 7. feb	Skref A+B
10. – 14. feb	Skref B (fyrirlestur 12. feb kl 13:00 – 14:30)
17. – 21. feb	Skref C
24. – 28. feb	Skref D (íslenskutímar 26. feb)

Lota 6 – Foreldrasamstarf í fjölmenningslegu leikskólastarfi

3. – 7. mars	Skref A+B
10. – 14. mars	Skref B (fyrirlestur 12. mars kl 13:00 – 14:30)
17. – 21. mars	Skref C
24. – 28. mars	Skref D (íslenskutímar 26. mars)

Lota 7 – Skapandi leikskólastarf

30. mars – 4. apríl	Skref A+B
7. – 11. apríl	Skref B (fyrirlestur 9. apríl kl 13:00 – 14:30)
14. – 18. apríl	Skref C

21. – 25. apríl Skref D (íslenskutímar 23. apríl)

Lota 8 – Málörvun með tónlist

28. apríl – 2. maí Skref A+B (30. apríl kl 13:00 – 13:45 fundur með mentorum)

5. – 9. maí Skref B (fyrirlestur 7. maí kl 13:00 – 14:30)

12. – 16. maí Skref C

19. – 23. maí Skref D (íslenskutímar 21. maí)

Svona gengur lotan fyrir sig í leikskólunum hjá þátttakendum og mentorum

Við upphaf hverrar lotu biðjum við mentora góðfúslega um að kynna sér efni hennar og verkefni á kennsluvef námskeiðsins. Við tökum fram að efnið er mjög aðgengilegt og fjallar um þemu sem eru áberandi í leikskólastarfi um land allt. Í hverri lotu eiga þátttakendur að læra hugtök, ræða umræðupunkta og spurningar og vinna verkefni með börnunum. Í hverri lotu taka þátttakendur og mentorar frá tíma einu sinni í viku til að tala um þemu námskeiðsins, við köllum þá *Spjallfundir*. Í byrjun námskeiðs ákveða mentorar (aðalmentor og varamentor) með hvaða hætti þeir ætla að skipta með sér spjallfundunum.

Spjallfundirnir

Í viku hverri þarf að gera ráð fyrir ca 30 mínútum þar sem þátttakendur og mentorar fara afsíðis í leikskólanum, ræða efni lotunnar og vinna samskiptaverkefni. Nauðsynlegt er festa ákveðinn tíma og ákveðinn stað fyrir *Spjallfundina*. Mikilvægt er að skapa þægilegt andrúmsloft fyrir opnar og einlægar samræður um starfið í leikskólanum. Hægt er að velja um að hittast;

í 20 - 30 mínútur einu sinni í viku

eða

í 10 - 15 mínútur tvisvar í viku

Á kennsluvefnum er að finna efni fyrir fundina. Við mælum með að þátttakendur og mentorar kynni sér efni hvers skrefs á kennsluvefnum fyrir Spjallfundina svo þeir verði markvissir og árangursríkir. Þátttakendur og mentorar fá einnig upplýsingar vikulega um efni og áherslur. Á fundunum þarf þátttakandi að punkta niður eða skrásetja með einhverjum hætti áherslur og orðaforða fundarins. Við mælum sérstaklega með upptökum á litlu fundunum þegar hægt er að koma því við. Það er gott fyrir tungumálanámið að eiga hljóð- eða myndbandsupptöku af samskiptum um hugtök eða umræðupunkta lotanna. Lengd upptöku er frjálts.

Að læra hugtök – Skref A og B

Í hverri lotu eiga þátttakendur að læra og vinna með; 5 lykilhugtök sem einkenna efni lotunnar ásamt öðrum 10-15 mikilvægum orðum eða hugtökum sem einkenna þemað. Þátttakendur eiga að þýða hugtökin á það mál sem þeim hentar. Við mælum með að þátttakendur skrái hugtökin og orðaforðann hjá sér t.d. í vinnubók, vinnumöppu eða tölvu.

Mikilvægt er að mentorar geri 1- 3 lykilhugtök sýnileg í leikskólanum. Það auðveldar samstarfsfólki að spjalla um námskeiðið og efnið.

Umræðupunktur og spurningar - Skref B og C

Í hverri lotu eiga þátttakendur að ræða efni lotunnar út frá umræðupunktum og spurningum sem gestakennarar leggja fram á kennsluvefnum. Athugið að hér eru ákveðnar spurningar og umræðupunktur **fyrir** fyrirlesturinn (skref B) og síðan aðrar og nýjar spurningar og umræðupunktur **eftir** fyrirlesturinn (skref C). Hér geta mentorar leitað leiða til að tengja spurningarnar við leikskólastarfið hverju sinni og/eða búið til spurningar sem henta betur.

Verkefni tengd leikskólastarfinu – Skref C

Í hverri lotu eiga þátttakendur að vinna a. m. k. eitt verkefni tengt leikskólastarfinu sem gestakennarar leggja fram á kennsluvefnum. Hér geta þátttakendur og mentarar valið verkefni sem henta aldri barnanna og einnig aðlagð að áherslum leikskólans. Þannig gefst tækifæri til að æfa og nýta nýju þekkinguna í raunverulegum aðstæðum. Hér skiptir stuðningur og hvatning mentora miklu máli! Þátttakendur segja frá verkefninu í íslenskutíma hverrar lotu í skrefi D.

Íslenskuþorpið í leikskólanum ykkar - Skref D

Í byrjun hverrar lotu (skref A) biðjum mentora góðfúslega um að koma hugtökum, umræðupunktum og heiti hverrar lotu fyrir á áberandi stað í leikskólunum, t.d. á kaffistofu, vinnurými, göngum, sameiginlegu vefsvæði leikskólans og víðar. Í byrjun námskeiðs (1. og 2. lotu) hvílir þessi ábyrgð á herðum mentora leikskólans. En síðan mælum við með að sýnileiki Íslenskuþorpsins í leikskólanum verði sameiginlegt verkefni mentora og þátttakenda. Afar mikilvægt er að kynna námskeiðið á starfsmannafundi og/eða deildarfundum. Um leið og heiti lotanna ásamt hugtökum er komið fyrir, er tilvalið að hvetja samstarfsfólk til að taka þátt í spjalli við þátttakendur, sérstaklega í skrefi D. Með því skapið þið Íslenskuþorp í ykkar leikskóla sem er afar hvetjandi fyrir þátttakendur.

Fræðslu- og kynningarfundur

Í september eru fræðslu- og kynningarfundur fyrir mentora, skólastjórnendur og þátttakendur á Zoom. Þar er námskeiðið kynnt, framkvæmd þess, skilyrði fyrir þátttöku leikskólanna, verkefni, hugmyndafræði Íslenskuþorpsins og fjölmenningsleg nálgun og inngildingarhlutverk námskeiðsins.

Heimsóknir í leikskólana

Umsjónarkennari heimsækir leikskólana tvisvar yfir veturinn, í september og í janúar. Þar er farið yfir framkvæmd námskeiðsins, námskeiðsvefinn, stöðu þátttakenda í íslensku, markmiðsetningu hvers og eins, innleiðingu stuðningsvæns námsumhverfis og skoða leiðir til

að laga námskeiðið að þörfum þátttakenda og leikskólanna. Nánari tímasetning á heimsókn í leikskólana verður tilkynnt síðar í tölvupósti.

Þátttaka mentora í íslenskutímum

Við óskum góðfúslega eftir því að mentorar taki tvisvar yfir veturinn þátt í íslenskutíma á Zoom, hálf tíma í senn. Þessir tímar fara fram í nóvember og maí nánari tímasetning kemur síðar. Þar gefst mentorum tækifæri til að hitta aðra mentora og þátttakendur á námskeiðinu, ræða um námskeiðið, leikskólastarfið, hvatningu innan leikskólanna og fleiri þætti.

Að lokum

Handbókin er hugsuð sem leiðbeiningar og stuðningur við námskeiðið, mentora og skólastjórnendur. Ef þið hafið aðrar hugmyndir eða lausnir tökum við þeim fagnandi :) Mentorar fá vikulega upplýsingar og áminningar um skrefin og verkefni þeirra í tölvupósti og geta einnig haft samband við Guðlaugu Stellu og fengið ráðgjöf, gudlaugs@hi.is og sími 8988128.

“Ég vil koma á framfæri að mínir skjólstæðingar eru himinlifandi með þetta námskeið og við höfum fengið mikið út úr því að hittast og ræða námskeiðið. Vonandi verður áframhald á þessu námskeiði”.

Mentor á námskeiðinu veturinn 2022-2023

Þátttakandanum okkar fannst efnið virkilega erfitt í byrjun, taldi sig ekki eiga heima á þessu námskeiði. Honum fannst erfitt að þurfa að hittast vikulega því hann skildi ekki mikið. Eftir áramótin fór þátttakandinn að tala um að hann gæti ekki beðið eftir vikulegu hittingunum. Hann er farinn að nota íslenskuna mun meira með börnunum og núna í apríl notar hann nánast eingöngu íslensku með börnunum.

Skólastjóri á námskeiðinu veturinn 2022-2023

“Íslenskan mín er að stækka og efni og málfræði sem eru kennt eru alltaf mjög áhugavert og vel skipulagt. Ég er betri kennari eftir að hafa verið á þessum fyrirlestrum. Námskeiðið er mjög áhugavert, fullt af hugmyndum og hjálp frá leiðtogum námskeiðsins”.

Þátttakandi á námskeiðinu 2022-2023